

Reykjavík, 4.júlí. 2024

Öldugata 44 og Brekkustígur 9 – fyrirspurn – USK24050155

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. maí 2024 var lögð fram fyrirspurn Helga Konráðs Thoroddsen, dags. 14. maí 2024, ásamt bréfi Kanon arkitekta, dags. 14. maí 2024, um gerð nýs deiliskipulags fyrir lóð nr. 22 við Öldugötu og nr. 9 við Brekkustíg vegna uppbyggingar á lóð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin íbúðarbyggð. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

Umsögn

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að vinna nýtt deiliskipulag á lóðunum á eigin kostnað. Tillagan verður að taka tillit til eldri umsagnir Skipulagsfulltrúa og gera þarf þær breytingar á uppdrættinum sem að fram komu í grenndarkynningu.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að vinna nýtt deiliskipulag á lóðunum á eigin kostnað með vísan í leiðbeiningum í umsögn hér að ofan.

„Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.“

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur